

verslun sín í Hellerup, sem selur garnið. Hann hefir og mót-
mælt umsögn stefnds um verðlag á garninu.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að samning-
urinn frá 17. júlí f. á. sje bindandi fyrir stefndan, eins og málið
liggur fyrir, hvað sem reglugjörðinni frá 1918 líður, enda hefir
stefndum að álitu rjettarins ekki tekist að sanna hvort eða hve
mikið stefnandi hefir lagt á vörusending þessa. Og með því að
í annan stað salan á garninu þykir eftir atvikum hafa verið nægi-
lega tilkynt, þá verður að taka kröfur stefnanda til greina að
öllu leyti.

Miðvikudaginn 5. nóv. 1924.

Nr. 40/1924.

Rjettvísín (Lárus Jóhannesson)
gegn

Kristjáni Kjartanssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 270. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 20. júní
1924: Ákærður Kristján Kjartansson sæti 4×5 daga fangelsi
við vatn og brauð, svo greiði hann og allan af málinu leiðandi
kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns,
yfirdómsslögmans Páls Jónsonar 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu
hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eins og segir í aukarjettardóminum verður að
telja sannað, að ákærði hafi samið símskeyti það, er
ræðir um í málinu, ritað heimildarlaust nafn Árna
Guðmonssonar undir það og sent firmanu Kjartan
& Jón í Hnífsdal. Hefur hjeradsdómarinn rjettilega
heimfært afbrot þetta undir 270. gr. hinna almennu
hegningarlaga og verður fallist á, að refsingin er
ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En

með tilliti til þess, að ákærði, er var 22 ára að aldri þegar hann framdi brotið, hefur ekki áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, að sennilegt er, að Árni Guðmonsson hafi verið loforði bundinn að greiða innieign sína hjá Ingimar Bjarnasyni upp í skuldina við firmað Kjartan & Jón, að ákærði framdi ekki afbrotið í eiginhagsmuna skyni og að engum var bakað tjón með því, þá þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Um málskostnað í hjerði á aukarjettardóminum að vera óraskað, og ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda, 80 krónur til hvors.

Prófun málsins er yfirleitt ófullkomin og þykir það einkum athugasvert, að annar eigandi firmans Kjartan & Jón hefir ekki verið yfirheyrður og að kærandinn Árni Guðmonsson hefir ekki verið krafinn vitnisburðar um hvort hann áður en hann fór úr Hnífsdal eða í símtali við ákærða um það leyti sem brotið var framið, hafi lofað að greiða innieign sína hjá Ingimar Bjarnasyni upp í skuldina við firmað Kjartan & Jón. Ennfremur athugast, að ákærða er í dóminum veittur aðfararfrestur, er ekki átti að gera og loks að málið hefir orðið mjög seinfara. Próf í því eru hafin 9. sept. 1922 og dómur er ekki kveðinn upp fyr en 20. júní þ. á., en þessi dráttur á að miklu leyti rót sína að rekja til þess, að próf málsins hafa tvisvar verið send stjórnarráðinu, sem og til þess, að ákærði fór í óleyfi dómarsans úr lög-

sagnarumdæminu og dvaldi utan þess um 4 mánuði meðan rannsókninni var enn ekki lokið.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Kristján Kjartansson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Um málskostnað í hjerði skal aukarjettar-dóminum óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, cand. jur. Lárusar Jóhannessonar og málaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvisinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Kristjáni Kjartanssyni verslunarmanni í Hnifsdal fyrir skjalafals.

Með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum verður að telja það nægilega upplýst í málinu, að ákærður hefir hinn 2. desember 1921 í nafni annars manns, Árna Guðmonssonar á Gjögri í Strandasýslu, samið símskeyti á Ísafirði, undirskrifað það með nafni Árna, og sent það firmanu Kjartan & Jón í Hnifsdal. Efni símskeytisins var að ávísu firmanu 250 kr., er ákærður vissi, að Árni átti hjá þriðjamanni, Ingimar Bjarnasyni, skipstjóra í Hnifsdal. Það kom þó eigi til útborgunar samkvæmt tilvísun símskeytisins með því að Ingimar Bjarnason átti áður í síma, tal við Árna, er upplýsti, að hann hefði eigi sent símskeytið.

Hin nánari atvik málsins eru þau, að sumarið 1921 var Árni Guðmonsson formaður á bát, er firmað Kjartan & Jón átti

og skuldaði hann firmanu nokkra upphæð, er gert var ráð fyrir að yrði greidd af kaupri Árna á bátnum, en báturinn fiskaði lítið, og var skuld Árna við firmað orðin kringum 700 kr. um mánaðamótin ágúst—september 1921, þegar báturinn hætti úthaldi. Fór Árni þá norður í Strandasýslu og kom þaðan eigi fyrri en í júlí 1922. Ákærður var þá í þjónustu firmans Kjartan & Jón og hafði á hendi bókhald og innheimtu fyrir það. Gerði hann því tilraunir til þess að fá Árna til að greiða umgetnar 250 kr. upp í skuldina, en þessar 250 kr. átti Ingimar Bjarnason inni hjá firmannu. Hinn 1. nóvember 1921, sendi ákærður Árna viðskifta-reikning hans við firmað og hafði í þeim reikningi fært inn til Árna 250 kr. frá Ingimar Bjarnasyni. Kveðst ákærður bæði hafa skrifað og símað til Árna að láta upphæðina ganga inn í reikning sinn við firmað, en hann svaraði eigi og með því að ákærði vissi, að Árni myndi koma til Hólmavíkur í byrjun desember s. á., vildi hann eiga tal við hann um skuldina í síma og fór því til Ísafjarðar 2. desember og átti, í síma, tal við Árna um skuldina, en hann gaf ekkert ákveðið svar og kvaðst ætla að koma til viðtals við hann um vorið.

Framburður ákærðs um greint samtal við Árna er þó fremur óljós, og stafar það af því, að ákærður kveðst hafa verið ölvaður er hann símtalaði við Árna og sjerstaklega kveðst hann hafa verið orðinn ölvaður, er hann sendi framangreint símskeyti til firmans Kjartan & Jón. Kveðst hann hafa komið til Ísafjarðar kl. 1—2 e. hád. umgetinn dag, farið inn á simastöðina og beðið um símtal við Árna Guðmonsson. En á meðan hann var að biða eftir símtalinu, hafi maður að nafni Bjarni Ellíasson, stýrimaður á Ísafirði, hitt hann, búið honum heim til sín, en þar hafi þeir farið að drekka saman lyfjabúðaráfengi. Kveðst ákærður brátt hafa orðið ölvaður og eftir að umgetið símtal við Árna hafði átt sjer stað, settist hann aftur að drykkju með ádurnefudum manni og fleiri mönnum á Ísafirði. Kveðst hann því eigi gjörla vita hvernig símskeytið til firmans Kjartan & Jón hafi orðið til. En þessi framburður ákærðs er eigi sennilegur. Fyrst og fremst bendir ekkert á það, að frumrit símskeytisins sje ritað af ölvuðum manni, þvert á móti virðist það ritað með stiltri og rólegri hönd; í öðru lagi hefir ákærðum eigi lánast að tilnefna neinn þeirra manna, er hann kveðst hafa setið að drykkju með og framangreindur Bjarni Ellíasson hafði druknað nokkru áður en ákærður gaf skýrslu sína í rjettinum. En eftir það að símskeyt-

íð kom til firmans Kjartan & Jón, fór ákærður sjálfur með það til Ingimars Bjarnasonar, að því er virðist, í því skyni, að fá innskrifaðar umræddar 250 kr. í reikning Árna við firmað en efri hluti símskeytisins var rifinn af svo eigi sást hvaðan það var sent. Skýrsla ákærðs hjer að lútandi verður því eigi til greina tekin.

Eftir þessu verður að líta svo á, að ákærður hafi samið umrætt símskeyti og notað það á hegningarverðan hátt.

Ákærður er fæddur 15. október 1899 og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegning fyrir neitt lagabrot. Brot hans ber að heimfæra undir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og með tilliti til þess, að ekkert tjón leiddi af brotinu og að eigi er upplýst að ákærður hafi neitt sem teljandi er, nema þá óbeinlínis, átt að hagnast á broti þessu, þykir hegning hans hæfilega metin 4—5 daga vatn og brauð; svo greiði hann og allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða verjanda 20 kr.

Mánudaginn 17. nóv. 1924.

Nr. 28/1924.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Jóhanni J. Eyfirðing & Co.

(Lárus Jóhannesson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðarsýslu
31. mars 1924: Umbedið lögtak verður eigi framkvæmt.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða úrskurði er það viðurkent að stefndi, firmað Jóhann J. Eyfirðingur & Co., sem rekur útgerð og verslun á Ísafirði, hefir leigt lóð á svonefndu Skeiði í Eyrar-